

Umhverfisstofnun
Áb. _____
30. ágú. 2016
Tilv. _____

Olíudreifing ehf  
Gestur Guðjónsson  
Hólmaslóð 8 - 10  
101 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 26. ágúst 2016  
UST201602-098/gf  
08.06.02

### Varðar reglubundið eftirlit 2016 - Olíudreifing á Akranesi

Þann 4. ágúst sl. fór fram eftirlit í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. á Akranesi. Í samræmi við 4. mgr. 12. gr. í reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávík komu fram við eftirlit en ein athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina (sjá meðfylgjandi).

Virðingarfyllt,

Gottskálk Friðgeirsson

Sigríður Kristjánsdóttir  
teymisstjóri

Afrit:

Heilbrigðisnefnd Vesturlandssvæðis

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Akranesi



<b>Dags eftirlits</b>	4.8.2016	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing	<b>Eftirlitsmaður</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Heimili</b>	Hólmaslóð 8 - 10	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	6606952069	<b>Flokkur</b>	Olía
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	63.40
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Sigumundur A Guðmundsson	<b>Staðsetning</b>	350350,973 426834,143

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekki fundust frávik frá kröfum í starfsleyfi í eftirliti. Ein athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók Olíudreifingar á Akranesi. Farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Skráningar á mánaðarblöð voru í lagi.

Niðurföll í mengunarvarnarprom tengjast lögnum sem liggja saman um loka við olíuskilju stöðvarinnar. Loki í frárænnli þróa stóð lokaður. Frárænnli olíuskilju var mælt með olíuprófi Macherrey-Nagel og stóðst kröfur í reglugerð. Olíuskiljan (VERA-skilja) er þjónustuð eins og tilskilið er.

Fimm geymar eru í stöðinni á Breiðinni og einn tvöfaldur svartolíugeymir við fiskimjölverksmiðju HB Granda við Hafnarbraut 3A. Allir geymar stöðvarinnar hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum.

Löndunarlögn fyrir svartolíu hefur verið aflögð og blinduð, en fjórar aðrar lagnir stöðvarinnar hafa verið þrýstiprófaðar á síðastliðnum fimm árum.

Bensín er ekki geymt í stöðinni.

Einungis úrgangsolía er í stöðinni og er allri olíu ekið til og frá stöðinni. Lagnir innan þróar hafa flestar verið aftengdar og er beintengt inn á geymana með slöngum með einstefnulokum. Varúðar er þörf þar sem nú eru allir geymar opnir út í þærnar og nauðsynlegt að læsa lokum upp við geymana til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

## ATHUGASEMDIR

Eftir að lagnir voru aftengdar innan þróar, þá eru allir geymar opnir út í þærnar og nauðsynlegt að læsa lokum upp við geymana til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuvarndar, umhverfisvarndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 26.08.2016

Gottskálk Friðgeirsson